

Ályktun frá stjórn Frjálslynda flokksins, ágúst 2010.

Stjórn Frjálslynda flokksins lýsir yfir furðu sinni og vandlætingu á því að ríkisstjórn Íslands skuli ráða í röðum kúlulánþega og braskara sem áttu þátt í og stuðlaði að því hruni sem hér varð í embætti hjá ríkinu. Fólkið í landinu er í sárum vegna hegðunar kúlulánþega og braskara sem fá í röðum feld niður lán sín eða flytja skuldbindingar sínar yfir á aðrar kennitölur. Það er skoðun stjórnar Frjálslynda flokksins að svona vinnubrögð séu ekki boðleg fólkinu í landinu sem nú reynir hvað það getur til að standa við sínar skuldbindingar án þess að eiga möguleika á niðurfellingu né að fá leiðréttingu á sínum málum.

Stjórn Frjálslynda flokksins lýsir einnig furður sinni og vandlætingu á því að gamlir spilltir flokksgæðingar sem áttu og eiga enn ómumdeilanlega sök á hruninu s.s. Halldór Ásgrímsson, gegni enn trúnaðarstörfum fyrir þjóðina með stuðningi og fyrir atbeina Fjórflokksins á alþjóðavettvangi. Halldór Ásgrímsson beitti sér fyrir illræmdu kvótakerfi, hann lýstu fyrir hönd þjóðarinnar yfir stuðningi við innrásina í Írak án hennar samþykkis og hann stóð fyrir einkavinavæðingu á ríkiseignum sem hann hagnaðist á sjálfur, auk vana og vandamanna. Það er móðgun og lítilsvirðing við almenning hér á landi að íslensk stjórnvöld skulu ekki sjá til þess að fyrrum ráðherra verði látinn taka pokann sinn hjá Norrænu ráðherranefndinni. Fátt sýnir skýrar hversu spilling Fjórflokksins er samofin inn í vana og hagsmunanet VG og Samfylkingar að Halldór Ásgrímsson skuli enn gegna trúnaðarstörfum fyrir þjóðina í stað þess að svara til saka og axla ábyrgð.